

Sviðsmyndir og fjárhagsleg greining

Kynning í borgarráði 26. mars 2020

**Starfshópur um aðgerðir í efnahags- og fjármálum
vegna áhrifa af COVID19**

26. mars 2020



Efni

- Aðferðafræði
- Lýsing á sviðsmyndum V og U
- Forsendur og fjárhagsleg greining á sviðsmyndum V og U 2020 og 2021
- Aðgerðir Reykjavíkurborgar og áhrif á rekstur og sjóðstreymi



Aðferðafræði

- Settar eru fram mismunandi sviðsmyndir um hvernig þróunin getur orðið á rekstur borgarinnar vegna áhrifa heimsfaraldurs COVID-19
- Sviðsmyndagreiningin er liður í virkri áhættustýringu og lögð fram til að undirbúa viðbrögð borgarinnar rekstrar- og fjárhagslega við þeirri efnahagslægd sem fyrir séð er.
- Sviðsmyndir til kynningar
 - V-kúrfa með 3-6 mánaða skarpri niðursveiflu
 - U-kúrfa með 9-12 mánaða skarpri niðursveiflu
- Í sviðsmyndunum er sett fram lýsing á aðstæðum og mögulegri þróun á helstu forsendum sem hafa áhrif á íbúa, atvinnulíf og rekstur borgarinnar
- Forsendur eru keyrðar á rekstur og sjóðstreymi með álagsprófi og niðurstöður bornar saman við gildandi fjárhagsáætlun



Lýsing á sviðsmyndum V og U



LÝSING – Sviðsmynd V

- Með markvissum, samstilltum aðgerðum tekst á skömmum tíma að ráða niðurlögum veirunnar á heimsvísu.
- Í byrjun þriðja ársfjórðungs 2020 hafa stjórnvöld náð tökum á veirufaraldrinum, ferðabanni hefur verið aflétt og það dregur hratt úr óvissu. Sterk inngrip stjórnvalda tryggja að þegar ferðalangar fara aftur að láta á sér kræla þá eru ferðaþjónustufyrirtæki í rekstri og geta hratt aukið aftur umsvif upp í svipaða veltu og árið 2019.
- Ferðalög og viðburðir sem áður voru ráðgerð á öðrum ársfjórðungi færast yfir á þriðja og fjórða ársfjórðung.



LÝSING - Sviðsmynd V frh.

- Flestir **íbúar** finna fyrir tímabundnum fjárhagslegum áhrifum meðal annars tekjuskerðingum. Einstaklingar sem ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum, verktakar og lausráðið fólk, verða fyrir mestum fjárhagslegum skakkaföllum.
- Mikil áhrif á **fyrirtæki** í ferðapjónustu og tengdum greinum og í ýmsum flokkum verslunar. Fyrirtæki sem standa af sér niðursveifluna ná sér hratt á strik á þriðja og fjórða ársfjórðungi. Þetta á bæði við um fyrirtæki í ferðapjónustu og tengdum greinum.



LÝSING – Sviðsmynd U

- Niðursveifla sem stendur til loka fyrsta árfjórðungs árið 2021 – níu til tólf mánaða U-kúrfa.
- Tekist hefur að ná að mestu niðurlögum heimsfaraldursins á fyrri hluta 2021. Lönd sem eru með vanþróað heilbrigðiskerfi og/eða hafa ekki brugðist við af festu í upphafi faraldursins hafa verið mun lengur að ná tökum á vandanum.
- Í lok annars ársfjórðungs 2021 hafa stjórnvöld náð tökum á veirufaraldrinum og ferðabanni hefur verið aflétt og það dregur hratt úr óvissu. Sterk inngrip stjórnvalda tryggja að þegar ferðalangar fara aftur að láta á sér kræla þá eru lykilferðapjónustufyrirtæki enn í rekstri og geta aukið aftur umsvif sín og ný fyrirtæki verða til við breyttar aðstæður eftir því sem eftirspurn eykst. Verslun og þjónusta er sömuleiðis í startholum og byggingarverkefnum sem frestað var í niðursveiflunni komast aftur á skrið á öðrum og þriðja ársfjórðungi. Fyrirtæki auka aftur starfshlutfall starfsmanna og nýráðningar hefjast aftur.



LÝSING – Sviðsmynd U frh.

- Áhrif á **íbúa**: Almennitur verður fyrir talsverðum tekjulækkunum og skuldir heimilanna aukast eftir því sem niðursveiflan hefur dýpkað og lengst. Vaxandi fjöldi einstaklinga sem hefur ekki réttindi til atvinnuleysisbóta, einkum erlendir starfsmenn, leita til borgarinnar vegna fjárhagsaðstoðar. Einstaklingar sem eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum, verktakar og lausráðið fólk, verða fyrir mestum fjárhagslegum skakkaföllum.
- Áhrif á **fyrirtæki**: Mikil áhrif á alla aðila sem tengjast ferðaþjónustu og verslun ef frá er talin matvöruverslun. Fjárfestingar í algjöru lágmarki í upphafi 2021 en þegar merki um viðsnúning hjá fyrirtækjum í hagkerfinu fara að berast á öðrum ársfjórðungi fara fyrirtæki að undirbúa framhald verkefna sem var frestað. Sama gildir um áhrif á starfsmenn og nýráðningar.



Forsendur og fjárhagsleg greining á sviðsmyndum V og U 2020 og 2021



Grunnur fyrir sviðsmyndir V og U

Helstu breytingar á forsendum m.v. fjárhagsáætlun:

- Vinnumagn, fjöldi starfandi, atvinnuleysi og fjöldi á fjárhagsaðstoð rýnt og endurmetið.
- Vísitala neysluverðs endurskoðuð 2020 m.v. sviðsmynd Seðlabanka (1,5%)
- Kostnaðaráhrif kjarasamninga endurmetin og dreift á mánuði 2020 og 2021
- Sjóðstreymi leiðrétt vegna þekktra breytinga
- Sjóðstreymi rýnt mánuð fyrir mánuð 2020 og 2021



Forsendur í sviðsmynd V

V- Kúrfa	2020	2021
Vísitala neysliverðs	1,5%	2,5%
Launavísitala	5,2%	5,3%
Launavísitala borgar	5,5%	5,9%
Vinnumagn	-1,5%	2,1%
Gengisvísitala	8,0%	0,0%
Brúttó fjárfesting	100%	100%
Gatnagerðagjöld	33%	109%
Sala eigna	34%	161%
Sala byggingaréttar	41%	141%
Arður af dótturfélögum	100%	100%
Ábyrgðargjald	100%	100%
Vísitala íbúðaverðs	0,0%	3,5%
Verðþróun atvinnuhúsnaðis	0,0%	3,5%

V- Kúrfa - í samanburði við fjárhagsáætlun

	2020	2021
Vísitala neysliverðs	▼ -1,7%	■ -0,1%
Launavísitala	▼ -0,3%	▼ -0,6%
Launavísitala borgar	■ 0,0%	■ 0,0%
Vinnumagn	▼ -2,0%	▲ 1,0%
Gengisvísitala	▲ 8,0%	■ 0,0%
Brúttó fjárfesting	■ 0%	■ 0%
Gatnagerðagjöld	▼ -67%	▲ 9%
Sala eigna	▼ -66%	▲ 61%
Sala byggingaréttar	▼ -59%	▲ 41%
Arður af dótturfélögum	■ 0%	■ 0%
Ábyrgðargjald	■ 0%	■ 0%
Vísitala íbúðaverðs	■ 0,0%	■ 0,0%
Verðþróun atvinnuhúsnaðis	■ 0,0%	■ 0,0%



Forsendur í sviðsmynd U

U - Kúrfa	2020	2021
Vísitala neysluverðs	1,4%	3,5%
Launavísitala	5,2%	5,3%
Launavísitala borgar	5,5%	5,9%
Vinumagn	-3,0%	0,0%
Gengisvísitala	16,0%	7,1%
Brúttó fjárfesting	100%	100%
Gatnagerðagjöld	18%	65%
Sala eigna	0%	0%
Sala byggingaréttar	18%	60%
Arður af dótturfélögum	100%	100%
Ábyrgðargjald	100%	100%
Vísitala íbúðaverðs	0,0%	3,5%
Verðþróun atvinnuhúsnaðis	0,0%	3,5%

U - Kúrfa - í samanburði við fjárhagsáætlun	2020	2021
Vísitala neysluverðs	▼ -1,8%	▲ 0,9%
Launavísitala	▼ -0,3%	▼ -0,6%
Launavísitala borgar	■ 0,0%	■ 0,0%
Vinumagn	▼ -3,5%	▼ -1,1%
Gengisvísitala	▲ 16,0%	▲ 7,1%
Brúttó fjárfesting	■ 0,0%	■ 0,0%
Gatnagerðagjöld	▼ -82%	▼ -35%
Sala eigna	▼ -100%	▼ -100%
Sala byggingaréttar	▼ -82%	▼ -40%
Arður af dótturfélögum	■ 0%	■ 0%
Ábyrgðargjald	■ 0%	■ 0%
Vísitala íbúðaverðs	■ 0,0%	■ 0,0%
Verðþróun atvinnuhúsnaðis	■ 0,0%	■ 0,0%



Vinnumagnsbreytingar

Gert er ráð fyrir að vinnumagn dragist saman um 1,5% 2020 í V mynd og 3% í U mynd.

Áhrifin birtast í fjölgun atvinnulausra og þeirra sem fá fjárhagsaðstoð sem fjölgar einkum í U mynd.

Vinnumagns og atvinnuleysistöflur sýna bæði áhrif af skertu starfshlutfalli og svo vaxandi atvinnuleysi í U mynd en líka að hluta áhrif lækkunar launa.

Vinnumagn	Áætlun	V	U
2020	0,5%	-1,5%	-3,0%
2021	1,1%	2,1%	0,0%



Fjöldi atvinnulausra	Áætlun	V	U
2020	3.459	4.765	5.685
2021	4.397	4.994	7.027

Fjárhagsaðstoð	Áætlun	V	U
2020	1.076	1.200	1.350
2021	1.101	1.248	1.757



Fjöldi atvinnulausra/vinuafli	Áætlun	V	U
2020	4,5%	6,3%	7,5%
2021	5,7%	6,4%	9,0%





Rekstur í sviðsmynd V árin 2020 og 2021





Sjóðstreymi í sviðsmynd V árin 2020 og 2021



Rekstur í sviðsmynd U árin 2020 og 2021



Sjóðstreymi í sviðsmynd U árin 2020 og 2021



Aðgerðir Reykjavíkurborgar og áhrif á rekstur og sjóðstreymi





Tillögur um aðgerðir Reykjavíkurborgar

Helstu aðgerðir:



- Lækkun þjónustugjalda m.v. skerðingu á þjónustu á árinu 2020
- Frestun fasteignaskatta atvinnufyrirtækja frá apríl, maí og júní 2020 til jan 2021 (miðað við 50% greiðenda)
- Lækkun fasteignaskatta atvinnufyrirtækja úr 1,65% í 1,60% á árinu 2021
- Markaðsátak í ferðaþjónustu á árinu 2020
- Viðbótarstofnframlög í sjóðstreymi
- Viðbótarfjárfestingar með áherslu á mannaflsfrek og virðisaukandi verkefni á árinu 2020





Áhrif aðgerða á rekstrarniðurstöðu í sviðsmynd V samanborið við fjárhagsáætlun





Áhrif aðgerða á sjóðstreymi í sviðsmynd V samanborið við fjárhagsáætlun



Áhrif aðgerða á rekstrarniðurstöðu í sviðsmynd U samanborið við fjárhagsáætlun



Áhrif aðgerða á sjóðstreymi í sviðsmynd U samanborið við fjárhagsáætlun



Aðgerðir – Samanburður á sjóðstreymi V og U sviðsmynda

